

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

#### *Garðastræti sunnan Túngötu.*

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 5. nóvember 2000, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Almenn bílastæði við götukant Garðastrætis á svæðinu frá Túngötu að Kirkjugarðsstíg/Hólatorgi, verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælur á svæðinu með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 2.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

#### *Þingholtsstræti sunnan Amtmannsstígs.*

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 26. september 2000, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Almenn bílastæði við götukant Þingholtsstrætis á svæðinu frá Amtmannsstíg að Hellusundi, verði gjaldskyld.

Settur verði upp miðamælur á svæðinu með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund fyrir fyrstu klukkustundina og 20 krónur á klukkustund eftir það, án sérstakra takmarkana á leyfilegum hámarksstöðutíma. Umrædd bílastæði teljist samkvæmt þessu til gjaldsvæðis 3.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 15. maí 2001.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**